

Bolungarvík 24.05 2024

### **Bifreiðar í Ísafjarðarbæ**

Í maí mánuði hafa starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða límt gula og rauða miða á númerslausa bíla og bílhræ. Samtals hafa nú verið límdar 58 tilkynningar. Á miðunum kemur fram sá frestur sem eigendur hafa til að bregðast við með því að fjarlægja viðkomandi bíl eða farga. Ef eigandi kemur með bíl í Funa eða á endurvinnslustöðvar sveitarfélaga, er hægt að afskrá bifreið og fá endurgreitt úrvinnslugjald. Ef ekki er brugðist við þegar rauður miði hefur verið límdur á tækið, verður það fjarlægt og tekið í geymslu í 30 daga og að þeim tíma liðnum má farga því. Dráttargjald, geymslugjald og umsýslugjald verður innheimt af síðasta skráða eiganda. Kostnaður heilbrigðiseftirlits er tryggður með lögveði í viðkomandi fasteign eða lóð.

Fyrirum eigendur bifreiða sem hafa látið þá frá sér í varahluti þurfa að vera vissir um að umskráning bifreiðar hafi farið fram að öðrum kosti eru þeir ábyrgir fyrir þeim kostnaði sem af þeim hlýst.

Ef einhver vill gera athugasemdir varðandi hreinsunaraðgerðir heilbrigðisnefndar getur viðkomandi sent póst á [eftirlit@hevf.is](mailto:eftirlit@hevf.is)

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja athugasemd til að hún verði tekin til afgreiðslu hjá heilbrigðiseftirliti.

**Skráningarnúmer bifreiðar**

**Tegund bifreiðar**

**Litur bifreiðar**

**Staðsetning bifreiðar**

**Nafn eiganda**

**Símanúmer og netfang**

**Reglugerð nr. 803/2003 um meðhöndlun úrgangs**

14. gr. *Um almennan þrifnað utanhúss.*

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni. Í því skyni er heilbrigðisnefnd heimilt að:

- a. krefjast lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið,
- b. fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu,
- c. láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, og
- d. hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. gördum og torgum.

*Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru stjórnvaldsákvæðanir kærarlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ef ekki er unað ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Slík kæra frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.*

Virðingarfyllst



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi